



# FRÆKORNIÐ

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

## Aburðargjöf á trjáplöntur - tilbúinn áburður

### Skortur á næringarefnum

Smáar trjáplöntur sem gróðursettar eru á bersvæði líða oft og tíðum skort á nauðsynlegum næringarefnum. Næringarefni sem helst er skortur á eru nitur (N) og fosfór (P). Kalí (K) skortir oftast ekki í íslenskum jarðvegi en getur haft góð áhrif á trjáplöntur og aukið frostþol þeirra.

### Tilbúinn áburður

Áburðarblöndur sem henta ungum trjáplöntum eru: Blákorn, Græðir 1 b, Græðir 1 a, Græðir 1 og Græðir 5. Þær hafa lágt niturinnihald en hátt fosfórinnihald, en hann er það næringarefni sem smáplöntur þurfa mest á að halda. Til eru aðrar áburðartegundir með sömu efnum sem eru annaðhvort torleystar eða seinleystar. Búast má við að seinleystur áburður verði til sölu í meira mæli hér á landi en hann er húðaður með efnum sem leysast hægt upp og er því aðgengilegur plöntunum yfir lengri tíma.

Þrátt fyrir að tilbúinn áburður geri plöntunum mikið gagn stenst hann ekki samanburð við húsdýraáburð og verður gerð grein fyrir honum í öðru Frækorni.



### Trjátegundir sem þurfa áburðargjöf

Allar trjátegundir eiga að geta notið góðs af tilbúnum áburði, nema hvað niturbindandi tegundir svo sem elri þola illa nituráburð. Lerkitegundir eru viðkvæmari gagnvart miklum niturskammti en aðrar trjátegundir, svo sem sitkagreni.

## Tíðleiki áburðargjafar

Best er að hefja áburðargjöf strax við gróðursetningu. Með því að bera örlítið á plönturnar um leið og þær eru gróðursettar er ekki bara verið að auka vöxt þeirra og þrótt heldur er einnig verið óbeint að merkja þær. Gróðurinn sem er næst plöntunum verður kröftugri og synilegri og því er auðveldara að finna plönturnar aftur næst þegar þarf að hirða um þær. Áður en áburðargjöf er endurtekin er nauðsynlegt að reyna að meta hvort plönturnar þurfa áburð með því að skoða lit og stærð laufblaða og barnnála og lengd vaxtarsprota. Ef blöð og nálar eru stórar og litur þeirra vel grænn þurfa plönturnar ekki áburðargjöf.

Flestar furur þarf oftast ekki að bera á nema einu sinni til tvisvar ef borið hefur verið á þær við gróðursetningu. Aftur á móti þurfa greni og lauftré áburð með jöfnu millibili, helst annað til þriðja hvert ár til að halda góðum vexti.


Best er að bera á lítið og oft frekar en mikið og sjaldan. Hæfileg áburðargjöf á hverju ári er því æskileg ef til þess er tími og ráð.

## Árstími

Hægt er að bera á frá miðjum maí fram í miðjan júlí. Með því móti nýtist áburðurinn plöntunni betur yfir vaxtartímann.

*Allur gróður í nágrenni plöntunnar verður meiri og skýlir plöntunni fyrir vindi og veðrum*

*Allra rýrasta og þurrasta landið*



*Mikilvægt að stilla áburðarskammtinum í hóf til að forðast ofþornun*


## Magn

Stilla verður mjög í hóf því magni sem borið er á hverja plöntu. Ef skammturinn verður of stór getur áburðargjöfin haft neikvæð áhrif. Áburðarefnið virka eins og salt í jarðvatninu og ef skammturinn er of stór dregur saltvatnið rakann úr plöntunum sem getur í verstu tilvikum drepið þær.

Þegar borið er á um leið og er gróðursett er nægjanlegt að bera á 10 g af áburði sem er u.þ.b. ein matskeið. Eftir því sem plönturnar stækka er hægt að auka skammtinn og góð regla er að bæta við 10 g fyrir hverja 10 cm hæðaraukningu. 40 cm planta á því að þola 40 g áburðarskammt.

## Hvernig land á að bera á?

Því rýrara sem land er þeim mun meiri áhrif hefur áburðargjöf. Í frjósömustu gróðurlendunum eins og frjósömu graslendi og blómendi þurfa trjáplönturnar einna síst á áburðargjöf að halda.



Dreift á yfirborðið  
Hentar á ógrónu  
landi



Um 5 cm fjarlægð  
frá rótarkhalsi



Ekki í haug ofan  
á plöntuna

Sett í holur  
Hentar á grónu  
landi



5 cm fjarlægð  
frá plöntuhnaus



Ekki ofan í  
plöntuholuna

## Aðferðir

Meðan trjáplönturnar eru litlar er rótarkerfið mjög takmarkað. Áburðurinn verður því að berast í næsta nágrenni plantnanna ef hann á að koma þeim að notum.

Tvær aðferðir eru notaðar við áburðargjöf á smáplöntur. Sú fyrri er að dreifa áburðinum á yfirborðið í kringum plöntuna. Hin aðferðin er að gera holur með gróðursetningarstaf og setja áburðinn í þær. Kostur við þessa aðferð er að minni hættu er á að áburðurinn skolist í burtu með rigningarvatni. Oftast er aðeins gerð ein hola þó að það sé betra að gera fleiri. Ef plantan stendur í brekku er holan ætíð sett ofan við plöntuna til að áburðurinn berist frekar að henni en frá henni.

Þegar plönturnar stækka og eldast stækkar áburðarsvæðið og þegar þær fara að vaxa saman má eins dreifa áburðinum jafnt yfir allt svæðið.



**ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.**

ISSN 1605-5020



9 771605 502008